# Fræðslupakki 4: Reynsludæmi frá Íslandi – Norðurljósaferð með Norðursiglingu




Dark Sky Ecotourism VET Programme © 2023 by Dark Sky Ecotourism Consortium is licensed under [CC BY-SA 4.0](https://creativecommons.org/licenses/by-sa/4.0/)

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.

Co-funded by the European Union

# Inngangur

Í þessum fræðslupakka munum við rýna í hvernig hægt sé að skapa upplifun í vistvænni myrkurgæðaferðaþjónustu! Þessi pakki var innblásinn af íslenska hvalaskoðunarfyrirtækinu Norðursigling, sem nýtti þau úrræði sem það hafði þegar yfir að ráða, svo sem rafknúinn seglbát og mannauð, til að skapa vel heppnaða upplifun í myrkurgæðaferðaþjónustu: Norðurljósaferð með Ópal.



Ópal, rafknúinn seglbátur Norðursiglingar og dásemdarlegu norðurljósin (northsailing.is))

# Upplifunarhönnun

**Áhersla á myrkurgæðaferðaþjónustu**
Nýtið heillandi töfra næturhiminsins með því að móta upplifun sem snýst um að njóta undra náttúrunnar eins og stjörnu eða norðurljósaskoðun.

**Samþætting náttúru og menningar**
Himinninn er fullur af óvæntum fyrirbærum - Samþættið tignarlega fegurð næturinnar við menningarlega þætti, á borð við staðbundnar sögur og merkilega staði, til að tryggja að þú getir alltaf boðið upp á eftirminnilega upplifun.


(northsailing.is)

# Mótun áherslupunkta ferðarinnar

**Norðurljósaheimt**
Búðu til heillandi frásögn um norðurljósin, leggðu áherslu á mikilvægi þeirra og óútreiknanleika.

**Upplifun borgarljósa**
Meðan ferðast er frá borgarljósunum í átt að myrkurgæðum eru borgarljósin nýtt til að skapa fjölbreytta upplifun og sýna þéttbýlið frá nýju sjónarhorni.

**Kennileiti nýtt**
Ef við á er hægt að bæta kennileitum við í ferðavöruna - eins og Norðursigling gerir á völdum dögum með Friðarsúluna eftir Yoko Ono.



Reykjavík upplifuð frá Ópal (northsail.is)

# Skilvirk samhæfing fyrir samfellda upplifun

**Veldur réttu staðsetninguna fyrir ferðina**
Veldu upphafspunkt ferðar sem er með auðveldu aðgengi og tengist meginþema ferðarinnar. Reykjavíkurhöfn er kjörinn miðpunktur fyrir Norðurljósaferðina með bát - Hún er aðgengileg fyrir ferðamenn og býður upp á tækifæri til að skoða borgarljósin og Friðarsúluna.

**Heildstæð þjónusta**
Bjóðið upp á alhliða pakka sem felur í sér fróðleiksríka leiðsögumenn, veitingar, hentugan klæðnað og annað sem nauðsynlegt er til að ferðin verði notaleg.



Leiðsögumaður Norðursiglingar að störfum (northsail.is)

# Umhverfisvænn samgöngumáti

**Tækni**
Samþættið umhverfisvænar lausnir í upplifunina, eins og rafknúinn seglbátinn Ópal, til að auka sjálfbærni án þess að fórna því að þetta sé ekta (e. authentic) upplifun.

**Fræðsla**
Þjálfið starfsfólk og leiðsögumenn til að fræða gesti um umhverfisvæna þætti og mikilvægi ábyrgrar ferðaþjónustu.



Ópal – hljóðlát rafknúin seglskúta (northsailing.is)

# Fræðsluþættinum gefið aukið vægi

**Þjálfun leiðsögumanna**
Þjálfið leiðsögumenn í að veita dýpt og innsýn í túlkun, með því að sameina vísindalega þekkingu og heillandi frásagnarlist.

**Menningartengdar frásagnir**
Vefið saman menningar- og sögulegar frásagnir í ferðina, t.d. hægt að deila sögum frá stöðum sem farið er framhjá og þjóðsögum sem tengjast svæðinu.



Tourists having a once-in-a-lifetime dark sky experience (northsailing.is)

# Markaðssetning og samstarf

**Leggðu áherslu á einstaka eiginleika vörunnar**

Undirstrikið sérstöðu upplifunar undir dökkum himni, kynnið hana sem einstaka upplifun - sem er ekki má missa af.

**Samstarf í markaðssetningu**

Starfaðu í samstarfi við menningar- og umhverfisstofnanir til að magna jákvæð áhrif upplifunarinnar á samfélagið og umhverfið.




Hér má líta á myndband frá Norðursiglingu (northsailing.is)

# Stjórnun væntinga

**Gegnsæi**

Mótið raunhæfar væntingar gesta, þetta gerir Norðursigling t.d. með því að koma því skýrt á framfæri að ekki sé hægt að ábyrgjast að norðurljósin sýni sig.

**Sveigjanleg tímasetning**

Ef við á, bjóðið upp á sveigjanleika í tímasetningum, t.d. til að samræmast sérstökum viðburðum listamanna eða á himnum. Einnig er vænlegt að bjóða upp á fría endurtekningu ferðar ef norðurljósin sýna sig ekki.



Með því að stjórna væntingum getur þú tryggt jákvæða upplifun af dökkum himni, þótt norðurljósin sjáist ekki (northsailing.is).

# Fræðslustarf

**Vinnustofur fyrir önnur fyrirtæki**
Íhugið að halda vinnustofur til að miðla þekkingu og góðum starfsvenjum til annarra ferðaþjónustufyrirtækja sem hafa áhuga á myrkurgæðaferðaþjónustu.

**Samfélagsþátttaka**
Hægt er að styrkja samstöðu og samvinnu í samfélaginu með því að hvetja fyrirtæki og íbúa á svæðinu til þátttöku í þróun og kynningu á ferðaþjónustu tengdri myrkurgæðum.



# Stöðug framför

**Fáðu endurgjöf**
Þróið aðferðir til að safna álitum frá þátttakendum sem hægt er að nýta til að fínstilla og bæta upplifunina.

**Fylgjast með tækniframförum**
Haltu þér við í nýjustu tækni og vísindum til að geta bætt upplifunina enn frekar.




Þakka þér fyrir lesturinn
Þú getur fræðst meira á
www.darkskytourism.eu
ÓPAL